



Lokaverkefni til BA-prófs
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun

Áttbeygðar sagnir - kynslóðamunur
Rannsókn á kynslóðamun áttbeygðra sagna

Guðný Lilja Torfadóttir

Janúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Íslensku- og menningardeild

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun

Áttbeygðar sagnir - kynslóðamunur

Rannsókn á kynslóðamun áttbeygðra sagna

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðný Lilja Torfadóttir

Kt.: 060794-2359

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir

Janúar 2020

Ágrip

Þrjár tegundir sagna finnast í táknmálum, venjulegar sagnir, próformasagnir og áttbeygðar sagnir. Í þessari ritgerð er breyting á áttbeygingu sagna milli kynslóða í íslenska táknmálinu rannsökuð. Fimm sagnir skoðaðar, sagnirnar SVARA, HRINGJA, ÚTSKÝRA, LÁNA og SPYRJA. Rætt var við níu einstaklinga sem fæddir eru á árunum 1936-1981, til að leita svara um kynslóðamun áttbeygðra sagna. Til að fá viðmælendur til að framkvæma táknið og sjá hvernig og hvort þeir áttbeygja sagnirnar, voru þeim sýndar fimm myndir með einu sagnorði undir, sagnorði sem passaði við hverja mynd. Rannsóknin var gerð á nokkrum stöðum. Talað var við elstu kynslóðina, auk eins sem telst hluti af yngstu kynslóðinni í föstudags kaffi í Döff félaginu, þar var talað við 6 einstaklinga. Hina var talað við ýmist á vinnustöðum eða í heimahúsi.

Markmið rannsóknarinnar var að svara eftirfarandi spurningum: Er kynslóðamunur í notkun á áttbeygðum sögnum í íslensku táknmáli? Notar yngra fólk áttbeygingu meira en eldri einstaklingar ?

Í upphafi rannsóknarinnar var talið að einungis þau yngstu áttbeygðu sagnirnar sem í dag teljast ekki til áttbeygðra sagna en annað kom í ljós, áttbeyging sást hjá öllum kynslóðum þó var meira um áttbeygingu hjá yngstu kynslóðinni. Áttbeyging byrjar að sjást í máli þeirra sem fæðst hafa á milli 1954-1964, en þó er meira um áttbeygingu hjá yngri kynslóðunum.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Inngangur	3
1. Félagsleg tilbrigði í táknmálum.....	4
1.1 Búseta	5
1.2 Kyn.....	6
1.3 Kynslóðamunur	7
2. Sagnir	10
2.1 Venjulegar sagnir	11
2.2 Próformasagnir	12
2.3 Áttbeygðar sagnir	13
2.3.1 Áttbeygðar sagnir í ÍTM.....	14
2.3.2 Sagnir verða áttbeygðar.....	18
3. Aðferðafræði	20
4. Niðurstöður.....	22
4.1 ÚTSKÝRA	22
4.2 HRINGJA.....	23
4.3 SVARA	25
4.4 LÁNA.....	25
4.5 SPYRJA	27
5. Lokaorð	29
Heimildaskrá	30
Viðauki 1	32
Viðauki 2	33
Viðauki 3	35
Viðauki 4	36

Inngangur

Sagnir finnast í öllum tungumálum. Í táknmálum eru sagnir aðeins frábrugðnar því sem menn eiga að venjast í raddmálum, í táknmálum er sögnum nefnilega skipt í þrjá flokka. Þeir eru: Venjulegar sagnir, próformasagnir og áttbeygðar sagnir. Í þessari ritgerð er fjallað um félagsleg tilbrigði í íslenska táknmálinu og þá sagnflokka sem finnast í því. Rannsóknarefni þessarar ritgerðar er hvort kynslóðamunur sé á notkun áttbeygðra sagna í íslenska táknmálinu.

Til að leita svara við því var rætt stuttlega við níu einstaklinga sem fæddir eru á árunum 1936-1981. Við þessa rannsókn var haft í huga að íslenska táknmálið er í stöðugri þróun og að venjulegar sagnir geta orðið áttbeygðar en ekki öfugt. Markmið rannsóknarinnar var að svara eftirfarandi spurningum: Er kynslóðamunur í notkun á áttbeygðum sögnum í íslensku táknmáli? Notar yngra fólk áttbeygingu meira en eldri einstaklingar ?

Í ritgerðinni verður fyrst farið yfir félagsleg tilbrigði í táknmálum, næst verða sagnaflokkarnir skoðaðir og að lokum verða niðurstöður rannsóknar kynntar. Í upphafi rannsóknar var talið að einungis yngri kynslóðirnar myndu áttbeygja sagnirnar en annað kom í ljós. Eitthvað var um áttbeygingar hjá öllum kynslóðum. Mest var um áttbeygingu hjá yngri tveim kynslóðunum, en miðkynslóðin var eina kynslóðin sem notaði alltaf áttbeygingu á meðan yngsta kynslóðin sagði að áttbeyging væri ekki alltaf nauðsynleg.

1. Félagsleg tilbrigði í táknmálum

Þegar tungumál eru skoðuð er auðséð að ekki tala allir eins. Sem dæmi tala sumir um að ganga en aðrir um að labba. Þá eru tvö mismunandi orð notuð yfir sama fyrirbærið. Þetta sést einnig í táknmálum, sem dæmi má taka táknið FEBRÚAR úr íslenska táknmálinu (ÍTM). Til eru tvö afbrigði af því tákni, þau lýsa sér svona:

1. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar grípa saman, handarbak óvirku handar niður, lófum nuddað örlítið saman.*

2. *F-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi fram, lítil, endurtekin hreyfing í úlnið til beggja hliða.*

Tilbrigði sem þessi kallast málfélagsleg tilbrigði. Teljast þau **ytri tilbrigði** (e. *external constraints*). Þar undir falla kyn, menntun, búseta, minnihlutahópar, kynþáttur, félagsleg staða og aldur. Einnig eru til **innri tilbrigði** (e. *internal constraints*) (Lucas, o.fl. 2001, bls. 65-66). Innra tilbrigði er háð nánasta umhverfi tungumálsins. Innra tilbrigði sýnir að öll tungumál hafa einhver höft, svo sem hvernig setningar eru uppbyggðar. Sem dæmi í ensku væru eftirfarandi setningar tækar þó svo að uppröðun allra setninganna væru ekki samþykktar í öðrum málum.

1. *Quickly, John ran to the door.*
2. *John quickly ran to the door.*
3. *John ran quickly to the door.*
4. *John ran to the door quickly.*

(Lucas, o.fl. 2001, bls. 65)

Fleira sem tilheyrir innra tilbrigði í ensku er eyðing sagnarinnar *to be* (ísl. *að vera*) í African-American English (AAE) (ísl. *afrísk - amerísk enska*) í samhengi við orðið *gonna* (ísl. *ætla*). Í stað þess að segja *he is gonna do it* (ísl. *hann ætlar að gera það*) þá yrði sagt *he gonna do it* (ísl. *hann gera það*). Einnig gæti það komið fram hjá orðinu *is* (ísl. *er*) sé það á undan nafnorði. Í stað þess að segja *he is my brother* (ísl. *hann er bróðir minn*) yrði sagt *he my brother* (ísl. *hann bróðir minn*).

Ytri tilbrigði eru tilkomin vegna félagslegra þátta, eins og fram hefur komið. Félagslegu tilbrigðin koma ekki bara fram í því sem er bundið við fólk, sem sé kyn, aldur og litarhaft, heldur geta þau líka ráðist af því hvaða hóp fólk umgengst (Bayley, o.fl. 2015, bls. 65). Með rannsóknum á búsetu hefur litarhaft málhafa verið rannsakað að einhverju leyti en þó ekki mikið (sjá meira í *Sociolinguistics and deaf communities*).

Snemma komu upp vandamál á rannsóknum á málsamfélagslegum tilbrigðum í ASL (e. *American Sign Language*, ísl. *amerískt táknmál*). Rannsakendur áttu erfitt með að finna hvað væri staðlað mál og hvað væri mállýska þar sem ASL hafði aldrei verið skrifað niður. Rannsóknum var þó haldið áfram á staðbundnum mállýskum, það er að segja mállýskum sem

eru bundnar við hvern landshluta. Croneberg hélt því fram að ASL hefði bæði **lárétt tilbrigði** (e. *horizontal variation*) og **lóðrétt tilbrigði** (e. *vertical variation*). Lárétt tilbrigði er tengt landshlutamállýsku og lóðrétt tilbrigði eru tilbrigði í samfélagslega aðskildum hópum vegna búsetu, aldurs og kyns. Eftir nokkrar rannsóknir í Norður-Karólínu, Virginíu og Maine, New Hampshire og Vermont, með lista yfir 134 tákni sér til hliðsjónar, komst Croneberg að niðurstöðu um hvernig staðlaða mál ASL væri. Niðurstaða Croneberg hljómaði svo: „few have paid any attention to the term *standard* in the sense of 'statistically most frequent.' The tendency has been to divide sign language into good and bad“ (*fáir hafa veitt því athygli hvað staðlað mál sé, þegar kemur að því hvað kemur tölfraðilega oftast fyrir. Sú tilhneiging hefur verið ríkjandi að skipta táknmáli í gott og vont mál*) (tilvitnað eftir Lucas, o.fl., 2001, bls. 78-79). Eins og kom fram hér að ofan hafa margar rannsóknir verið gerðar á félagslegum tilbrigðum í táknmálum, þó mest á aldri, kyni og bakgrunni málhafans, þá hvort hann eigi heyrandi eða heyrnarlaus foreldra og þar er búseta einnig mikilvæg.

1.1 Búseta

Búseta fólks hefur mikil áhrif á hvernig það talar. Sem dæmi talar manneskja á Akureyri öðruvísi en manneskja sem er fædd og uppalin í Reykjavík. Akureyringar teljast harðmæltir, en hins vegar tala Reykvíkingar frekar lint (Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, án dags). Mismunur sem þessi kallast mállýska. Þær sjást ekki bara á íslensku máli, heldur öllum mögulegum tungumálum. Sem dæmi eru til þrjár leiðir til að tákna DEAF í ASL. Þær lýsa sér svona:

1. *Vísi-hf., eyra, stakhandartákn, lófi fram, hönd færir niður að kinn.*
2. *Vísi-hf., kinn, stakhandartákn, lófi fram, hönd færir upp að eyra.*
3. *Vísi-hf., kinn, stakhandartákn, lófi fram.*

(Lucas, o.fl., 2001, bls. 103).

Í rannsóknnum á tákni DEAF kom í ljós að munur er á mállýskum í Boston, Massachusetts og Kansas, Missouri og Virginia. Í Boston og Massachusetts völdu málhafar frekar grunnmynd táknsins DEAF, þ.e. tákni eitt. Í Kansas, Missouri og Virginia völdu málhafar tákni tvö og þrjú. Þessar útgáfur eru ekki grunnmyndir táknsins (e. *non-citation forms*). Í rannsókninni kemur fram að í 85% tilvika varð grunnmynd táknsins ekki fyrir valinu í þessum ríkjum, en málhafar í Boston voru líklegri til að velja grunnmynd táknsins (Lucas, o.fl., 2001, bls. 61).

Einnig finnst mikill munur í ástralska táknmálinu (Auslan) sá munur miðast við hvar einstaklingurinn er búsettur. Stærsti munurinn er á milli Suður- og Norður-Ástralíu. Þessar svæðismállýskur sjást best á töluorðum og litum, en sá munur sést vel á litartákni GREEN.

Það eru tvö mismunandi tákn notuð, þar sem annað er myndað á höfði og hitt á óvirku hendinni.

Tákn eitt er frá Norður-Ástralíu og tákn tvö frá Suður-Ástralíu:

1. *I-hf., enni, stakhandartákn, handarbak hægri, hendi færast frá og til ennis.*
2. *B-hf., óvirka hönd, tvíhandatákn, handarbak virku handar niður, handarbak óvirku handar upp, hendi færast frá fingrum óvirku handar upp að olnbogabót.*

Þessari skiptingu er hægt að skipta í enn minni flokka, sem sé eftir bæjum og borgum, munur er á táknum í Queensland og New South Wales o.s.frv. Þó svo þessi munur sjáist á milli landshluta skilja flestir þeir sem tala AUSLAN hvern annan óháð búsetu og uppruna (Johnston og Schembri, 2007, bls. 45-46). Þó að búseta hafi augljós áhrif á tákn er hún ekki eini áhrifavaldurinn og hefur nám einnig mikil áhrif á mállýsku.

Í landshlutarannsóknnum sínum nefndi Croneberg mikilvægi og áhrif heimavistarskóla á tákn málið, þar sem hver skóli er með mismunandi tákn yfir mismunandi hluti (Lucas, o.fl, 2001, bls. 79). Í rannsóknnum á Auslan komu svipaðar niðurstöður fram. Sem dæmi, þá höfðu krakkar sem gengu í kaþólskan skóla annað tákn yfir AUNT en þau sem gengu í skóla mótmælenda. Hér fyrir neðan koma þau tákn fram. Það fyrra er frá kaþólskum skóla og það seinna frá skóla fyrir mótmælendur:

1. *A-hf. með þumal úti, haka, stakhandatákn, handarbak hægri, færast frá hægri hlið höku að vinstri hlið.*
2. *O-hf., óvirk hönd, B-hf., tvíhandatákn, lófi niður, færast í átt óvirku handar.*

(Johnston og Schembri, 2007, bls. 47).

Eins virðist sem landsvæðismállýskurnar í BSL (e. *British Sign Language*, ísl. *breskt táknmál*) sé afleiðing þess að ekki öll heyrnarlaus börn í Bretlandi fóru í sama skóla. Hver skóli hefur mismunandi tákn fyrir hversdagslega hluti og er líklegt að það hafi áhrif á staðbundnar mállýskur. Önnur kenning um mállýskur í BSL er sú að bæir og borgir voru frekar einangraðir og ekki var hægt að senda skilaboð á BSL. Líklegast er þó að þetta sé aðeins hluti af því og að orsökina sé samspil beggja kenninga (Sutton-Spence og Woll, 1999 bls. 29).

1.2 Kyn

Eins og með mállýskur tengdar búsetu heyrast munur í öllum málum á talsmáta kvenna og karla og á það ekki síst við um táknmál. Mállýskur kynjanna hafa mikið verið rannsakaðar í fjölda tungumála síðustu þrjátíu árin (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 25). Ekki hafa margar rannsóknir verið gerðar á íslenska táknmálinu tengt mállýskum kynja enda er ekki talin mikill munur á kynjunum í ÍTM (Kristín Lena Þorvaldsdóttir o.fl., 2017, bls. 155). Í mörgum

táknmálum er þó munurinn á talsmáta kvenna og karla oft nægur til að ekki skiljist hvað hitt kynið er að segja og sést það vel í írsku táknmálinu.

Í írsku táknmáli (ISL) er mikill munur á táknum kvenna og karla, og er ástæða þess sú að skólar voru kynjaskiptir, strákar fóru í St Joseph's-skólann og stelpurnar í St Mary's-skólann. Munurinn á táknaforða (orðaforða) kynjanna var það mikill að þau þurftu að læra nýjan táknaforða til að geta talað við hitt kynið, algengast var að konurnar tækju upp tákn karlanna. Þó svo að þessi aðgreining kynjanna í skólum sé ekki við lýði í dag finnst þessi munur enn þá, þó aðallega hjá eldri kynslóðum (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 26-27). Mikill munur var á kennsluáferðum skólanna, sérstaklega þegar óralismi var tekinn upp. Kvennaskólinn tók þá stefnu upp árið 1946, en drengjaskólinn tók upp stefnuna árið 1957. Kvennaskólinn beitti talsvert strangari aðferð og bannaði algerlega notkun tákna og áttu nemendur eingöngu að notast við varalestur, á meðan drengjaskólinn var ekki eins reglufastur. Svona var þetta til ársins 1986 og getur þessi munur á áherslu kennsluáferða haft mikið að segja (LeMaster, 2003 bls. 160-161).

Kynjamunur í AUSLAN finnst líka en er ekki eins áberandi. Áður sást kynjamunur á tákni HI. Karlar notuðu þá táknið DOFF (e. *from doffing a hat*, ísl. *taka ofan*). Í dag nota karlar frekar táknið HI sem er svipað íslenska tákni HÆ. Konur kjósa frekar að nota táknið HALLO, sem er myndað við brjóstkassa, lófi snýr fram og höndin hreyfist til hægri. Talið er að í eldri hópum noti karlar frekar fingrastaöfun. Líklegast er ástæðan sú að til ársins 1970 fengu karlar betri kennslu og fleiri starfsmöguleika en konur. Meiri áhersla var lögð á enskukennslu drengja til að undirbúa þá fyrir vinnumarkaðinn, þar sem þeir voru umkringdir ensku og þurftu meira á henni að halda en konur (Johnston og Schembri, 2007, bls. 49).

1.3 Kynslóðamunur

Eins og lauslega var farið yfir í köflunum hér að ofan er mikill kynslóðamunur í táknmáli. Í táknmáli er munurinn yfirleitt meiri en í raddmáli og stundum er munurinn það mikill að erfitt er fyrir yngra fólkið að skilja það eldra og öfugt. Í breska táknmálinu nota þau sem eru yfir sjötugt fingrastafrófið mikið og minna er um enskar munnhreyfingar hjá þeim. Hins vegar nota þau sem eru yngri en tvítugt fingrastafrófið lítið, en munnhreyfingarnar eru undir miklum áhrifum frá enskunni (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 24).

Táknið *TELEPHONE* er tákn sem breytist reglulega. Í Auslan eru til fjórar útgáfur af þessu tákni. Hver útgáfa fyrir sig endurspeglar hvernig símar litu út fyrr og nú. Táknin eru:

1. *A-hf. Tvíhandatákn, myndunarstaður hægri handar við eyra, myndunarstaður vinstri handar við munn, hreyfing hægri handar hringur (snemma á tuttugustu öld).*
2. *A-hf. Við eyra, einhandatákn, lófi að tákna, hreyfing að eyra (um miðja tuttugustu öld).*
3. *Y-hf (amerískt, sjá viðauka 1), við eyra, lófi að tákna, hreyfing að eyra (seint á tuttugustu öld).*
4. *Vísi-hf. Við eyra, einhandatákn, lófi að tákna, hreyfing að eyra (snemma á tuttugustu og fyrstu öld).*

(Johnston og Schembri, 2007, bls. 48)

Aðeins var farið inn á rannsókn sem framkvæmd var í Boston í kaflanum um búsetu en sú rannsókn á einnig við í þessum hluta. Þar kom fram að fólk um 55 ára aldurinn var líklegra til að velja grunnmynd táknsins DEAF en þau sem voru yngri. Fólk á bilinu 26-54 ára notaði grunnmynd táknsins 54% af tímanum, en þau sem voru á aldrinum 15-25 notuðu grunnmyndina í aðeins 46% af þeim skiptum sem táknið var myndað (Lucas, o.fl, 2001, bls. 61).

Því miður eru ekki til margar rannsóknir á íslensku táknmáli varðandi kynslóðamun, en árið 2011 gerði Kristbjörg Helga Sigurðardóttir slíka rannsókn fyrir BA ritgerð sína. Þó svo að ekki hafi margar rannsóknir verið gerðar hér á landi sést kynslóðamunur á íslenska táknmálinu. Yfirleitt eru táknið algerlega öðruvísi og mikill munur á þeim, en munurinn er þó ekki það mikill að eldri kynslóðin skilji ekki þá yngri og öfugt. Ein hugsanleg ástæða þess að munur sé á táknum hjá kynslóðum er sú að þau sem yngri eru reyna að auðvelda málið. Sem dæmi hefur handformið í táknuinu FRÍ einfaldast, það fór frá því að vera með 9-hf. yfir í það að vera með B-hf. (Kristbjörg Helga Sigurðardóttir, 2011, bls. 52-54). Í íslenska táknuinu GRÆNN sést mikill munur á kynslóðum, til eru tvö afbrigði á þessu tákni þau eru:

1. *B-hf., byrjar hjá fingurgómum og fer niður lófann, tvíhandatákn, lófar snúa upp, handarbak virku handar strýkur lófa óvirku handar.*
2. *B-hf., í frjálssu rými við gagnauga virku handar megin, stakhandartákn, fingurgómar snúa að gagnauga, lófi smá fram og smá niður, snúningur á úlnlið og hönd, lófi endar á að snúa aftur á bak.*

Af þeim þremur aldursflokkum sem voru rannsakaðir notaði elsta kynslóðin táknið tvö oftast eða í 75% tilvika, en þau sem tilheyrðu yngsta hópnunum notuðu frekar táknið eitt. Mið kynslóðin var þarna mitt á milli, en 60% þátttakenda notuðu frekar táknið eitt og 40% þátttakenda táknið tvö (Kristbjörg Helga Sigurðardóttir, 2011, bls. 29).

Ástæður þess að kynslóðamunur er í táknum geta verið nokkrar. Ein stór ástæða gæti verið sú að heyrnarlausir fæðast oftast inn í heyrandi fjölskyldur. Börnin læra því ekki táknið frá foreldrum sínum eða eldri kynslóð, þetta eitt og sér myndar stórt bil á milli

kynslóða. Önnur ástæða getur verið skólaganga en mismunandi kennsluaðferðir gætu haft einhver áhrif þegar kemur að kynslóðamun. Sem dæmi má taka kennslu í breskum skólum, en þar var enska kennd í gegnum varalestur og fingrastöfun til ársins 1940 (það útskýrir mikla fingrastöfun eldra fólks). Lengi vel töluðu nemendur þó sín á milli á táknmáli í laumi á skólalóðinni. Það var ekki fyrr en eftir 1970 sem fólk fór að hafa opinn huga fyrir notkun táknmáls í kennslustundum. Þriðja ástæðan gæti verið sú að táknið breytast eftir því sem hluturinn breytist, líkt og kom fram í tengslum við táknið TELEPHONE hér að ofan. Einnig geta táknið dáið út ef ekki er þörf fyrir notkun þeirra lengur (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 24-25) svo sem táknið FAX.

Eins og sjá má er mikið af þessum mállýsk-, kynslóða-, búsetu- og kynjamun tengd skólagöngu fólks og væri áhugavert að sjá hvort skólaganga væri stærsta eða ein mikilvægasta breyta í máli táknmálshafa.

Þar sem ritgerðin er um kynslóðamun í áttbeygðum sögnum verða næstu kaflar um þrískiptingu sagna í táknmáli.

2. Sagnir

Flest tungumál hafa sagnorð, orð sem lýsa eða tákna einhverja athöfn, þ.e. hvað verið sé að gera. Í flestum tungumálum beygist þessi gerð orða. Í íslensku geta sagnir beygst í **tíð** og **persónu** (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 176-178). Beyging sagna er mismunandi í ólíkum tungumálum. Í táknmálum er algengt að sögnum sé skipt í þrjá flokka, en þeir eru venjulegar sagnir (e. *plain verbs*), próformasagnir (e. *spatial verbs*) og áttbeygðar sagnir (*agreement verbs*) (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls.135).

Í táknmáli eru fimm málfræðilegar formdeildir sem geta haft áhrif á sagnir:

1. Rými og áttbeyging segir til um hver gerði hverjum hvað (persóna (e. *person*)), staðsetning atburðar eða þátttakandi atburðar (staðsetning (e. *location*)), eða blanda af hvoru tveggja (persóna og staðsetning (e. *person and location*));
2. Breyting sem sýnir fjölda hluta eða þátttakanda (tala (e. *number*));
3. Breyting á hreyfingu sem sýnir hvernig atburðurinn átti sér stað í gegnum tímann (horf (e. *aspect*));
4. Breyting sem segir til um hvernig atburðurinn átti sér stað (háttur (e. *manner*));
5. Breyting sem tjáir ákefð merkingar (ákefð (e. *intensification*))

(Johnston og Schembri, 2007, bls. 141)

Í táknmáli eru fimm mikilvægar breytur sem kallast **grunnbreyturnar fimm**, þær eru: **Handform** eða hvernig höndin lítur út, **myndunarstaður** eða hvar táknið er myndað, **afstaða handar** eða hvert lófinn snýr, **hreyfing** eða í hvaða átt og hvernig höndin hreyfist og **látbrigði** eða hvernig restin af líkamanum er á meðan táknið er myndað.

Í táknmáli er **táknrými** mikilvægt, hvar táknið er myndað í rýminu getur breytt merkingu þess. Rýminu er skipt í tvær gerðir eftir því hvernig það er notað. Þessi rými eru **raunverulegt rými** (e. *topographic space*) og **setningafræðilegt rými** (e. *syntactic space*). Raunverulegt rými vísar í umheiminn, val á staðsetningu sem er í samræmi við raunveruleikann eins og á korti. Sem dæmi, þegar við lýsum nálægum verslunarkjarna, setjum við búðirnar í táknrýmið miðað við hvar allt er staðsett. Ef kirkja er á móti sjoppu og sjoppa er við hliðina á pósthúsi, þá staðsetjum við það þannig í rýminu. Ef við staðsetjum hlutina ekki rétt eða reynum ekki að staðsetja þá, er lýsingin ekki málfræðilega rétt. Setningafræðilegt rými er búið til innan málsins. Sem dæmi mætti taka Breta af asískum uppruna sem lýsir því hversu erfitt það er að tilheyra bæði heimi döff og heimi breskra asúbúa. Þá gæti hann staðsett döff hægra

megin í rýminu og Breta af asískum uppruna vinstra megin. Einnig ef manneskja ætlar að segja frá því að hún gaf frænku sinni bók, þá staðsetur hún frænku sína í rýminu og gerir því næst táknið fyrir bók og færir bókina í hölf frænkunnar (Sutton-Spence og Woll, 2017, bls 129-130). Þessi notkun rýmisins sést vel í próforma- og áttbeygðum sögnum, betur verður farið í það í köflunum hér á eftir.

2.1 Venjulegar sagnir

Venjulegar sagnir eru ekki háðar persónu eða tölu og eru bara til í grunnmynd en þessi flokkur er jafnframt stærsti sagnaflokkurinn í ÍTM (Elísa G Brynjólfsdóttir, 2012, bls. 12). Venjulegar sagnir eiga sér fastan myndunarstað og merking þeirra breytist sé myndunarstað breytt (Lucas, o.fl, 2011, bls. 133). Myndunarstaður venjulegra sagna er þó ekki það sem gerir þær að venjulegum sögnum, það er meira sem spilar inní (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 86). Hægt er að bæta við sögnina hátt og horf. Sem dæmi í BSL er táknið THINK-HARD myndað með litlum endurteknum hringlaga hreyfingu við höfuð með svipbrigðum sem sýna að manneskjan sé djúpt hugsí. Venjuleg sögn getur sýnt útlit þess sem talað er um, eins og sést í sögninni SMOKE. Þá getur handformið breyst eftir því hvað er reykt, sígaretta, pípa eða jóna (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 135-137).

Venjulegar sagnir gefa ekki upp hvert frumlag eða andlag er, því þarf að stóla á orðaröðina til að gefa það upp (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 83). Í ÍTM er algengasta orðaröðin *frumlag - sögn - andlag* (Elísa G. Brynjólfsdóttir o.fl., 2012, bls. 30). Sem dæmi er hægt að taka setninguna:

-1.p. eintala ÞEKKJA J-Ó-N

Hann þekkir Jón.

Hér er 1.p. eintala frumlag og J-Ó-N andlag.

(Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls 83).

Myndunarstaður venjulegra sagna getur tengst merkingu þeirra. Sagnir tengdar hugsunum eru oft myndaðar nálægt enni eða gagnauga. Dæmi um þetta eru táknið SKILJA, VITA, ÞEKKJA og LÆRA í ÍTM. Það sama á við um táknið mynduð við skynfæri tákna (eyru, augu, nef og munn), þau hafa eitthvað með skynjun hans að gera svo sem GRÁTA, HEYRA og BORÐA (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls 86-87).

Þó eru ekki allar venjulegar sagnir myndaðar á líkama, margar eru myndaðar í táknrýminu svo sem SWIM, RUN og RESEARCH í BSL (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 136).

Lengi var talið að allar venjulegar sagnir í táknmálum væru áhrifslausar sagnir en svo er ekki raunin í ÍTM. Einungis þriðjungur venjulegra sagna í ÍTM eru áhrifslausar. Sagnir geta

tekið með sér eitt eða tvö andlög en algengara er að sögnin taki aðeins eitt andlag (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 91-92).

2.2 Próformasagnir

Annar flokkur sagna eru próforma sagnir. Þær nota raunverulegt rými og innihalda upplýsingar um hátt og horf. Sögnin getur farið í hvaða átt sem er; upp og niður, til hægri og vinstri, einu höftin eru að hreyfingin þarf að vera í samræmi við raunveruleikann (Sutton-Spence og Woll, 1999, bls. 145-146). Auk hreyfingar inniheldur þessi gerð sagna upplýsingar um útlit þess sem framkvæmir athöfnina. Þessi gerð af sögn inniheldur sem sé **próform** eða **handform**. Próform er þegar líkt er eftir þeim hlut sem talað er um með hendinni, svo sem síma, byssu eða fætur. Þessum próformum er skipt niður í flokka. Ekki eru allir sammála um skiptingu flokkanna en flestir eru þó sammála um fjóra meginflokka:

1. **Heildarpróform:** Þessi flokkur sýnir heildarútlit þess sem talað er um, sem dæmi er hægt að nota *B-hf.* til að lýsa heildarútliti bíls og hægt er að nota *Vísi-hf.* til að lýsa heildarútliti penna.
2. **Meðhöndlunarpróform:** Þessi flokkur sýnir hvernig hluturinn sem talað er um er meðhöndlaður, svo sem amerískt *C-hf.* til að sýna hvernig haldið er á bók. Hægt er að breyta bilinu á milli þumalsins og fingra til að sýna þykkt bókarinnar.
3. **Líkamshlutapróform:** Þessi flokkur lýsir líkamshluta þess sem talað er um. Til dæmis ef verið er að tala um manneskju sem gengur er hægt að nota *V-hf.* sem á þá að standa fyrir fætur manneskjunnar.
4. **SASS:** þessi flokkur próforma er einkar sérstakur, hann sýnir útlit hlutar á þann hátt að ef verið er að tala um kringlótt borð er táknið BORD gert og svo gerður hringur í táknrýmið til að sýna að borðið sem um er rætt sé kringlótt. Þessi flokkur er á mörkunum að teljast sem hluti af próformasögnum en er þó oft talin með.

(Morgan og Woll, 2007, bls. 1163; Zwitserlood, 2012, bls. 162)

Eins og fram kemur í skiptingunni hér að ofan standa mismunandi próform fyrir mismunandi hluti og það eru mikilvægar reglur innan hvers flokks fyrir sig. Minnsta breyting handforms getur breytt merkingu sagnarinnar gífurlega. Sem dæmi í SASS skiptir fjöldi putta miklu máli, með *Vísi-hf.* er verið að tala um mjóan eða lítinn hlut. Ef öðrum fingri er bætt við (*H-hf.*) þá er hluturinn orðin aðeins stærri og það stærsta er *4-hf.* Með þessum handformum fylgir svo útlit eða lögun hlutarins sem talað er um, feringur, kringlóttur o.s.frv. (Sandler og Lillo-Martin, 2006, bls. 78 og 81).

Próformasagnir eru ekki til í grunnmynd og yfirleitt er ekkert fast táknið yfir sögnina. Sem dæmi er táknið OPNA myndað á mismunandi vegu eftir því hvað er verið að opna, svo sem krukku, hurð, glugga, kassa o.s.frv. (Elísa G Brynjólfsdóttir o.fl., 2012, bls. 13).

Hins vegar eru nokkrar próformasagnir til sem hafa lesgerst og eru þá orðin að föstu tákni svo sem táknið KEY. Þetta táknið hermir eftir hreyfingunni sem gerð er þegar hurð er opnuð með lykli (Lucas, o.fl., 2011, bls. 142-143).

Það sem er einkennandi við próformasagnir er að áður en sögnin er mynduð þarf að segja nafnorð þess sem framkvæmir verknaðinn. Sem sé, ef verið er að segja sögu af bíl sem var ekið, þarf að byrja á því að segja nafnorðið BÍLL og segja svo sögnina.


2.3 Áttbeygðar sagnir

Þriðja og síðasta gerð sagna eru áttbeygðar sagnir. Þær bera upplýsingar um persónu og tölu, þær sýna samræmi við andlag og oftast frumlag. Þessar upplýsingar koma fram með afstöðu og hreyfingu handar (Elísa G Brynjólfsdóttir o.fl., 2012, bls. 12-13). Áttbeygðar sagnir nota setningafræðilegt táknrými, þ.e. hreyfing og afstaða handar breytist eftir því hver framkvæmir verknaðinn. Upphafsstaður táknsins er því hjá frumlagi og lokastaður er hjá andlagi. Þá væri setningin I-ASK-YOU í BSL mynduð með upphafsstað hjá tákna, frumlaginu og lokastaður hjá þeim sem spurður er, andlaginu (Sutton-Spence og Woll, 2017, bls. 137-138). Sögnin KENNA í ÍTM notast við afstöðu til að sýna hvert frumlagið og hvert andlagið er. Táknið er myndað með bognu *B-hf.* og til þess að segja ÉG-KENNA-ÞÚ þarf handarbak að vísa til tákna og fingurgómar vísa í átt að andlaginu. Sé höndunum snúið við þýðir táknið ÞÚ-KENNA-ÉG (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 38). Eins og sjá má á þessari litlu umfjöllun um táknið KENNA þá inniheldur þetta eina táknið upplýsingar um frumlag og andlag og er því óþarfi að segja ÞÚ og ÉG á undan og eftir myndun sagnarinnar. Auk þess getur sögnin beygst frá hólfulum í táknrýminu, svo sem hólfi staðset til hægri í táknrýminu yfir í hólfi vinstra megin í táknrýminu. Sem dæmi um þetta væri setningin *hundurinn beit köttinn*. Við þessa setningu er notast við hólfi, það er að segja táknið HUNDUR er myndað og bent er í táknrýmið, því næst er táknið KÖTTUR myndað og bent er á annan stað í táknrýminu, loks er táknið BÍTA myndað og er byrjunarstaður þess í hólfi hundsins og lokastaður í hólfi kattarins (Lucas, o.fl., 2011, bls. 350).

Áttbeygðar sagnir fela í sér upplýsingar um **frumlag** og **andlag**, sögnin er því heil setning. Líkt og kom fram hér að ofan skiptir hreyfing og afstaða miklu máli og notast er við hólfi til að áttbeygja sögnina. Þegar sögnin vísar í hólfi er annars vegar talað um **bendivísun** og hins vegar **endurvísun**. Bendivísun er þegar vísað er í raunverulegt hólfi, sem sagt vísimiðið er á staðnum. Endurvísun er hins vegar þegar vísimiðið er ekki á staðnum en þörf er fyrir hólfi ef

talað er um tiltekinn hlut. Myndun hólsins er yfirleitt gerð þannig að nafnorð er annaðhvort myndað eða stafað í táknrýminu, svo er sögnin mynduð. Sé vísimiðið á staðnum er óþarfi að stafa nafnorðið í táknrýminu þegar sögnin er mynduð (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 35-36).

Eins og nefnt var hér að ofan er hægt að áttbeygja sagnir með hreyfingu. Hreyfing getur líka sýnt fleirtölu sagnarinnar. Þó svo að áttbeygðar sagnir innihaldi upplýsingar um tölu eru einhver höft þar á. Hægt er að sýna fleirtölu andlagsins með bogadreginni hreyfingu en ekki er hægt að sýna fleirtölu frumlags. Nokkrar sagnir geta þó ekki sýnt fleirtölu hvort sem að frumlagið er í 1. persónu eða ekki 1. persónu (1. persóna er alltaf táknaður og ekki 1. persóna er sá sem talað er við eða um) Þessar sagnir eru HJÁLPA, KÝLA, MATA, POTA, SKJÓTA-MEÐ-BYSSU, SVARA og ÚTSKÝRA. (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 43 og 109). Munur er á setningunum *ég gaf þeim öllum* og *ég gaf hverjum og einum*. Í fyrstu setningunni væri bogadregin hreyfing en í þeirri seinni væri táknið endurtekið.



Mynd a. sýnir hvernig tvítala væri mynduð en betur verður farið í það seinna. Mynd b. sýnir hvernig hreyfingin í fyrri setningunni yrði og mynd c. sýnir hvernig hreyfing seinni setningarinnar væri (sjá Sandler og Lillo-Martin 2006, bls. 39).

2.3.1 Áttbeygðar sagnir í ÍTM

Meistararitgerð Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur (2011) er hingað til fyrsta og eina grunnlýsing á sögnum í ÍTM. Því verður nær eingöngu vísað til þeirrar heimildar. Samkvæmt rannsókn Kristínar í ÍTM eru 33 sagnir sem teljast til áttbeygðra sagna og 5 staðsetningasagnir (sjá viðauka 2), sem eins og áður kom fram er undirflokkur áttbeygðra sagna. Af þessum 33 áttbeygðu sögnum eru 23 reglulegar. Einungis ein áttbeygð sögn sýnir aðeins andlag, það er sögnin LÁTA-VITA.

Áttbeygðum sögnum er skipt í tvo flokka annars vegar **reglulegar sagnir** (e. *regular verbs*) og hins vegar **viðsnúnar sagnir** (e. *backwards verbs*). Viðsnúnar sagnir byrja í hólfi andlags og enda í hólfi frumlags (Sandler og Lillo-Martin, 2006, bls. 28). Í ÍTM eru viðsnúnar sagnir einungis tvær, SÆKJA og TAKA.

Í ÍTM eru átta **gagnkvæmar sagnir**, þ.e. þær sýna alltaf frumlag og andlag samtímis. Sagnirnar eru GIFTAST, HEILSAST, HITTAST, KYSSAST, RÍFAST, RÆÐA-SAMAN, SLÁST og SLÍTA-SAMBÚÐ. Þó virðist sem hægt sé að breyta flestum áttbeygðum sögnum í

gagnkvæmar sagnir eingöngu með því að breyta stakhanda táknum í tvíhanda ták. Sem dæmi má taka stakhanda táknið SENDA, hægt væri að gera hana gagnkvæma með því að vísa fingurgómum virku handar út í táknrýmið og fingurgómum óvirku handar í átt að tákna. Sjá má á dæminu hér fyrir neðan hvernig tákna væri þá frumlag annarrar handar og andlag hinnar.

Virk hönd For 1. pers. et. SENDA-1 pers. et

Óvirk hönd -1.pers. et. SENDA For 1.pers. et

(Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 99).

Staðsetningartákn er undirflokkur áttbeygðra sagna en telst þó einstaka sinnum sem undirflokkur próformasagna. Ástæða þess er sú að þær sýna staðsetningu rökliða en ekki persónu og tölu þeirra (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls 47, tekið frá Johnston og Schembri 2007 bls. 146). Eins og nafnið gefur til kynna er þessi flokkur háður staðsetningu, en ekki á sama hátt og venjulegar sagnir. Sem dæmi má taka staðsetningarsögnina HURT, en í henni segir myndunarstaður okkur hvar einstaklingurinn finnur til. Staðsetningarsagnir geta einnig verið myndaðar í táknrýminu. Í táknu THROW ræðst hreyfing handar af því hvert hlutum er kastað. Ef setningin væri „*Jón kastaði steininum upp*“, færist höndin frá bringu tákna og upp. (Lucas, o.fl., 2011, bls. 137). Í ÍTM eru fimm staðsetningarsagnir en þær eru KLÓRA, MEIÐA, RAKA, SPRAUTA og ÞVO. Í ÍTM geta áttbeygðar sagnir breyst í staðsetningarsagnir. Sama sögnin getur því sýnt frumlag og/eða andlag og verið staðsetningarsögn, sem sýnir eingöngu staðsetningu andlags. Hver staðsetningarsögn hefur í grunnmynd einn myndunarstað á líkama tákna, sá myndunarstaður breytist með breyttri merkingu sagnarinnar (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 100). Sögnin MEIÐA er mynduð hjá munni, en ef sársaukin væri í öxlinni væri táknið myndað þar. Þessar fimm sagnir geta ekki sýnt persónu og tölu, og því er verknaður sagnanna alltaf í 1. persónu. Ef frumlagið er 1. persóna þarf að gefa til kynna hvert frumlagið er, tákna notar síðan líkamsfærslu til að sýna hvernig verknaðurinn var framkvæmdur. Ætli tákna að segja frá því að einhver hafi rakað sig er sögnin mynduð eins og ef tákna hefði verið gerandinn. Eins og sjá má í meðfylgjandi dæmum:

(FOR. 1. pers. et.) RAKA
Ég raka mig

MAÐUR RAKA
Maðurinn rakaði sig

(Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls.100).

Gagnkvæma sögnin KYSSAST getur breyst í staðsetningarsögn. Auk hennar er virka nokkrar af þeim 25 áttbeygðu sögnum einnig sem staðsetningarsagnir, þær eru HORFA (2),

KÝLA, POTA, RANNSAKA, SKJÓTA-MEÐ-BYSSU, TAKA-UPP-Á-VIDEO. Þessar sagnir geta orðið að staðsetningarsögnum sé þeim vísað í átt að líkamshluta. Gagnkvæma sögnin KYSSAST verður sem dæmi að staðsetningarsögn ef táknaþinginn segir frá því að einhver hafi kysst sig á tiltekin stað, þá er táknið myndað sem stakhandartákn og fingurgómarnir snerta þann líkamspart sem kysstur var (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 101).

Handform áttbeygðra sagna geta falið í sér upplýsingar um frumlag og andlag eða þann hlut sem notaður er til að framkvæma verknaðinn sem sögnin lýsir. Þessar sagnir eru kallaðar **íkonískar sagnir**. Í ÍTM eru 18 íkonískar sagnir og 15 **tilviljunarkenndar sagnir**. Af íkonísku sögnunum voru átta reglulegar, tvær viðsnúnar og átta gagnkvæmar. Allar gagnkvæmu sagnirnar eru því íkonískar. Báðar viðsnúnu sagnirnar í ÍTM eru íkonískar, þær sýna báðar hvernig frumlagið meðhöndlar andlagið. Þó svo að þær tvær viðsnúnu sagnir sem eru í ÍTM séu íkonískar er ekkert því til fyrirstöðu að viðsnúnar sagnir séu tilviljunarkenndar. Reglulegu sagnirnar skiptust niður, átta voru íkonískar og 15 tilviljunarkenndar. Handform sagnanna HRINGJA, SKJÓTA-MEÐ-BYSSU og TAKA-UPP-VIDEO standa fyrir þann hlut sem framkvæmir verknaðinn, sem dæmi líkir handform táknsins HRINGJA eftir síma. Handform sagnanna KÝLA, MATA og POTA stendur fyrir hendur frumlagsins, handform sagnarinnar HORFA stendur fyrir augu frumlagsins og handform táknsins GEFA getur breyst til að sýna hvernig frumlagið meðhöndlar beina andlagið (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 101-102).

Eins og komið hefur fram sýna áttbeygðar sagnir samræmi við frumlag og andlag með breytingu á hreyfingu handa, breytingu afstöðu handar eða hvoru tveggja. Samræmi með hreyfingu er sýnd með því að hreyfa hendurnar frá frumlagi til andlags. Samræmi með afstöðu handar er sýnt með því að snúa hendinni í tiltekna átt, yfirleitt með úlnlið í átt að frumlagi og fingurgóma í átt að andlagi. Hendinni er því snúið í samræmi við hvar frumlag og andlagið er staðsett í táknaþinginu (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 103)

Í ÍTM eru þrjár sagnir sem sýna samræmi með hreyfingu, þær sagnir eru GEFA, HJÁLPA og HRINGJA. Hreyfingin ein og sér gefur til kynna hvert frumlagið er og hvert andlagið er. Ekki er vitað af hverju sagnir sem hafa samræmi með hreyfingu eru færri en þær sem sýna samræmi með afstöðu eða bæði (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 104).

11 sagnir sýna samræmi með afstöðu, í öllum tilvikum er fingurgómum vísað í átt að andlagi en ýmist úlnliður eða handarbak í átt að frumlagi. Þessar sagnir eru GAGNRÝNA, HORFA (2), KENNA, KVARTA, KÆRA, RANNSAKA, REYNA-VIÐ, SKJÓTA-MEÐ-BYSSU, STRÍÐA, TAKA-UPP-Á-VIDEO og ÚTSKÝRA (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 104).

Alls eru 11 sagnir sem sýna samræmi bæði með afstöðu og hreyfingu. Þessar sagnir eru HEIMSÆKJA, HUNSA, KÝLA, LÁTA-VITA, MATA, POTA, SEGJA (2), SENDA, SVARA, SÆKJA og TAKA. Allar sagnirnar færast frá frumlagi til andlags að fráskildum viðsnúnu sögnunum SÆKJA og TAKA. Þegar sögnin SVARA er mynduð vísa fingurgómar fyrst að frumlagi síðan andlagi, þegar sögnin MATA er myndað vísa kjúkur að andlagi. Sögnin LÁTA-VITA er frábrugðin fyrri sögnum fyrir þær sakir að hún sýnir aðeins samræmi við andlag, ekki frumlag. Sögnin er alltaf mynduð á enni tákna og færast síðan út í táknrýmið, fingurgómar vísa þá í átt að andlagi. Sé táknaandlagið færast höndin frá enni að brjóstakassa. Þar sem þessi sögn sýnir ekki samræmi við frumlag þarf að tákna frumlagið áður en sögnin er mynduð (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 104).

Eins og komið hefur fram er hægt að sýna **persónu** og **tölu** áttbeygðra sagna með hreyfingu, en þó eru einhver höft á því. Persóna er sýnd með afstöðu og hreyfingu handar en tala er sýnd með hreyfingu handar. Sögnin er mynduð í átt að vísimiðinu, og áttbeygða sögnin gefur þar af leiðandi til kynna hvar í táknrýminu vísimiðið er staðsett og í hvaða persónu það er (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 105).

ÍTM gerir ekki grein á milli 2. og 3. persónu. Það er vegna þess að bæði 2. og 3. persóna er í táknrýminu en táknaandlaginn er alltaf fyrsta persóna. Þó er hægt að segja til um hvort um 2. eða 3. persónu sé að ræða. Ef sögnin vísar út í táknrýmið en í átt að einstaklingi telst hún sem 2. persóna, en ef sögnin vísar í átt að þriðja aðila telst hún sem 3. persóna (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 105, tekið frá Kristín Lena Þorvaldsdóttir 2007)).

Tala áttbeygðra sagna er sýnd með hreyfingu. Ef hreyfingin er beint frá frumlagi til andlags er bæði frumlag og andlag í eintölu, ef hreyfingin er endurtekin eða bogadregin þá er sögnin komin í fleirtölu. Engin áttbeygð sögn í ÍTM getur sýnt fleirtölu frumlags með bogadreginni hreyfingu til andlags. Til að gefa til kynna að um fleirtölu sé að ræða þarf að tákna FOR 1. pers. flt. á undan sögninni, sé frumlagið í 2./3. persónu þarf að tákna FOR 2./3. pers. flt. á undan sögninni (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls 106-107).

Ef um tvítölu er að ræða er hægt að sýna nákvæman fjölda með því að breyta stakhandartáknum í tvíhandatákn. Þær sagnir sem hafa þennan eiginleika eru: GAGNRÝNA, GEFA, HORFA (2), HRINGJA, HUNSA, KVARTA, KÝLA, KÆRA, MATA, POTA, REYNA-VIÐ, SEGJA (2), SENDA, SKJÓTA-MEÐ-BYSSU og TAKA-UPP-Á-VIDEO. Stakhandartáknin LÁTA-VITA og SVARA falla ekki í þennan flokk, líklegast vegna upphafsstaðs þeirra og hreyfingar. Sögnin LÁTA-VITA byrjar á enninu, erfitt væri að byrja með báðar hendur á enni og hreyfa þær í sitthvora áttina. Snúningurinn á höndunum í tákningu


SVARA getur verið erfiður þar sem það þyrfti að snúa þeim í sitthvora áttina (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 107).

2.3.2 Sagnir verða áttbeygðar

Fjöldi áttbeygðra sagna í ÍTM er síbreytilegur, sagnir geta **lesgerst** og farið frá einum sagnaflokki yfir í annan. Lesgerving er þegar tákni sem samanstendur af nokkrum litlum einingum verður að einu morfemi. Orðið *lexicalised* (*ísl. lesgeri*) þýðir „like a word“ (*ísl. eins og orð*), þ.e.a.s. táknið verður að frjálsu morfemi í málinu (Johnston og Schembri, 2007, bls. 107).

Sem dæmi um lesgervingu í áttbeygðum sögnum er hægt að nefna táknið HITTAST og FUNDUR. Þó svo að táknið FUNDUR sýni tvær manneskjur er ekki þar með sagt að einungis tveir einstaklingar hafi mætt á fundinn, oftast en ekki eru fleiri sem mæta á fundi. Því mætti segja að handform þessa tákni, og hugsanlega hringlaga hreyfing þess, sé lesgerving sem nú í dag þýðir FUNDUR. Einnig ef við lítum á táknið HITTAST. Þó svo að hreyfing táknsins sýni tvær manneskjur að labba að hvort öðru er ekki þar með sagt að þannig hafi þau hist, og hreyfingin er því orðin hlutlaus (sjá einnig Johnston og Schembri, 2007, bls. 175).

Í táknmálum sem hafa allar þrjár gerðir sagna, líkt og íslenska táknmálið, virðast sagnirnar geta færst á milli sagnflokka, á myndinni hér fyrir neðan sést hver leyfileg færsla virðist vera.



(Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 51).

Á myndinni hér að ofan sést að próformasagnir og venjulegar sagnir geti breyst í áttbeygðar sagnir. Þetta ferli gæti verið skylt **formvæðingu** (e. *grammaticalization*). Formvæðing er þegar **inntaksorð** (e. *content words*) verða að **kerfisorðum** (e. *function words*) sem hafa aðeins kerfisbundnu hlutverki að þjóna í málkerfinu. Formvæðing fer aðeins í eina átt og á það vel við áttbeygðar sagnir, þar sem þær sagnir sem verða áttbeygðar virðast ekki fara úr þeim flokki aftur, auk þess sem málbreyting verður á milli yngri málhafa, en ekki þeirra eldri (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011, bls. 52). Með tímanum verður því sumum venjulegum og próformasögnum beitt sem áttbeygðum sögnum og færast þar með um flokk, yfir í flokk áttbeygðra sagna.

3. Aðferðafræði

Með allt sem fram kom í köflunum hér að ofan í huga voru 5 sagnir í íslenska táknmálinu, 3 áttbeygðar sagnir og 2 venjulegar sagnir, valdar til rannsóknar. Þessar sagnir eru: **SVARA**, **HRINGJA**, **ÚTSKÝRA**, **LÁNA** og **SPYRJA**. Sagnirnar SVARA, HRINGJA og ÚTSKÝRA teljast vera áttbeygðar sagnir og urðu því fyrir valinu. Hins vegar hafa sagnirnar HRINGJA og ÚTSKÝRA ekki alltaf verið áttbeygðar. Sögnin HRINGJA hefur þá mögulega færst úr flokki próformasagna í flokk áttbeygðra sagna og sögnin ÚTSKÝRA færst úr flokki venjulegra sagna yfir í flokk áttbeygðra sagna. Því var talið áhugavert að skoða þær og sjá hvort eldri kynslóðin áttbeygir þessar sagnir eða hvort það séu einungis þær yngri. Auk þessara sagna voru tvær venjulegar sagnir skoðaðar þær LÁNA og SPYRJA. Þessi tvö tákn tilheyra flokknum venjulegar sagnir (sjá Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011). En þar sem til eru dæmi um áttbeygingu sagnarinnar SPYRJA í upptöku, einnig til dæmi um áttbeygingu á sögninni LÁNA þótti fróðlegt að skoða þær sagnir. Áhugavert væri að sjá hvort þessar tvær sagnir séu í miðju ferli á að færast um flokk, eins og talað er um í kaflanum hér að ofan (bls. 16).

Fyrir þessa ritgerð var kynslóðamunur áttbeygðra sagna rannsakaður. Í heildina var talað við 9 manns fædd á árunum 1936-1981. Af þessum 9 var talað við 4 karlmenn og 5 konur. Þau sem fædd voru á árunum 1936-1954 eru 5 og verða kölluð elsta kynslóðin, þau sem fædd voru árið 1964 eru 2 og verða kölluð mið kynslóðin og að lokum þau sem fædd voru á árunum 1979-1981 eru 2 og verða kölluð yngsta kynslóðin. Rannsóknin var gerð á nokkrum stöðum. Talað var við elstu kynslóðina, auk eins sem telst hluti af yngstu kynslóðinni í föstudags kaffi í Döff félaginu, þar var talað við 6 einstaklinga. Hina var talað við ýmist á vinnustöðum eða í heimahúsi.

Upprunalega var áætlunin sú að tala við einstaklinga fædda á tímabilinu 1990-1999, því talið var að þessi aldurshópur áttbeygði meira en þeir eldri. Eins og talað er um í ritgerðinni hjá Kristbjörgu Helgu (bls. 30) þá eru yngri kynslóðir líklegri til að einfalda málið. Því miður fékkst engin í það og er því yngsta kynslóðin frá 1979-1981.

Ákveðið var að taka ekki upp rannsóknina til að koma í veg fyrir þversögn athugandans. Þá er átt við að fólk breytir máli sínu þegar fylgst er með því (Þórunn Blöndal, 2005, bls. 106). Rannsakandi var á staðnum og gæti það haft áhrif á rannsóknina að fylgst var með þátttakendum, þar með var ekki alveg komið í veg fyrir þversögn athugandans. Skráð var niður á eyðublað það sem fram fór og fyrir augu bar. Reynt var að hafa notalegt andrúmsloft og að viðmælendur væru afslappaðir, því voru viðmælendur ekki teknir langt frá hópnum í föstudags kaffinu. Með þessu var vonast til að þau of vönduðu ekki málið og að tal þeirra væri þeirra

hversdagslega mál. Þau sem ekki var rætt við í kaffinu var talað við á stöðum sem þau þekktu svo sem vinnustöðum og heimahúsi.

Til að fá viðmælendur til að framkvæma táknið og sjá hvernig og hvort þeir áttbeygja sagnirnar, sem sé hvort munur væri á hreyfingu eða afstæðu táknsins eftir því hvort þátttakandinn væri frumlagið eða andlagið, voru þeim sýndar fimm myndir með einu sagnorði undir, sagnorði sem passaði við hverja mynd (sjá viðauka 3). Ákveðið var að fara þessa leið í rannsókninni til að minnka áhrif íslenskunar. Talið var líklegt að rétt beyging kæmi ekki fram ef notuð væri setning, svo sem: ég hringi í þig. Einnig var talið líklegt að glósun eins og ÉG-HRINGJA-ÞÚ, hefði mikil áhrif og ef þátttakendurnir sæju táknið myndað að það hefði mikil áhrif á beyginguna. Því var talið að myndir væru besta lausnin, myndirnar voru teknar af netinu, á hverri mynd voru annaðhvort tvær eða fleiri manneskjur. Í þessari rannsókn var skoðað hvort nokkur tákni gætu áttbeygst að tákna. Rannsóknarefnið bauð þó upp á fleiri möguleika á beygingu, fleiri hólf og fleirtölu. Því voru valdar myndir með mörgum einstaklingum svo þátttakendurnir gætu notað myndirnar til að áttbeygja, þá mætti sjá ef táknið gæti áttbeygst í mörg hólf, hólfín M- að miðju, C- að tákna, H- til hægri og V- til vinstri. Þeim voru sýndar myndirnar og þau beðin um að segja hvernig þau myndu segja sögnina ef þau væru gerandi og ef þau voru móttakendur eða ef önnur manneskja væri að tala við þau. Einnig var tekið fram að þau mætu nota myndirnar til að hjálpa sér með áttbeyginguna.

4. Niðurstöður

Með ritgerð Kristínar Lenu í huga þar sem hún setur sagnirnar LÁNA og SPYRJA í flokk venjulegra sagna (sjá Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011) taldi ritari þessarar ritgerðar að þær sagnir væru einungis áttbeygðar af allra yngstu kynslóðinni en sú var ekki raunin. Hér fyrir neðan koma niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var fyrir þessa ritgerð. Farið verður yfir sagnirnar í þeirri röð sem þær voru á eyðublaðinu. Margt áhugavert kom fram í rannsókninni bæði tengt áttbeygingu og myndun tákanna, en betur verður farið í myndun tákanna í viðauka 4.

4.1 ÚTSKÝRA



Mynd A



Mynd B

Á myndunum hér fyrir ofan sést grunnmynd táknsins og áttbeyging þess í hólf C. Myndun táknsins í grunnmynd er: *5-hf, óvirka hönd, hendur slást saman og smá áfram.* (mynd A). Áttbeyging táknsins í hólf C: *5-hf, óvirka hönd, handabök slást saman.* (mynd B)

Hér var engin hjá elstu kynslóðinni sem áttbeygði sögnina. Þess í stað gerðu þau grein fyrir frumlagi og andlagi með bendingu eða með fornafni. Táknið var því eingöngu í „grunnmynd“ eða eins og mynd A sýnir. Í stuttu spjalli eftir rannsókninna kom margt áhugavert fram. Einn þátttakandinn (fæddur 1951) sagðist þekkja áttbeygingu táknsins ÚTSKÝRA en gerði það aldrei sjálfur. Annar þátttakandi (fæddur 1941) gerði alltaf ÞÚ ÚTSKÝRA ÉG á meðan að rannsókninni stóð en í spjallinu eftir rannsóknina, eftir að hafa gert ÞÚ ÚTSKÝRA ÉG, áttbeygði hann sögnina að sér (mynd B) með munnhreyfingunni <mér>. Auk þess gerði einn þátttakandinn öðruvísi hreyfingu fyrir táknið en betur verður farið yfir það í Viðauka 4.1

Hjá þátttakendum af miðkynslóðinni sést strax mikil breyting. Þegar táknaðurinn var frumlagið beygðist táknið frá táknaðara (mynd A), þegar táknaðurinn var andlagið beygðist táknið að táknaðaranum (mynd B). Smá munur var þó á þátttakendum þessa hóps. Annar þátttakandinn beygði sögnina að sér frá hægri, líklega vegna þess að hann notaði myndina sem fylgdi tákningu til að hjálpa sér. Einnig er vert að nefna að annar þátttakandinn myndaði táknið einungis í grunnmynd, sem sé notaði fornöfn til að gefa til kynna hvert andlag- og hvert frumlag var, en spurður hvort hægt væri að áttbeygja sögnina var svarið já og sýndi þátttakandinn hvernig það væri gert.

Yngsta kynslóðin var lítið frábrugðin mið kynslóðinni. Þessi kynslóð áttbeygði sögnina. Þegar tákna­rinn var frumlag beygðist táknið að miðju (mynd A), þegar tákna­rinn var andlagið beygðist táknið að tákna­ranum (mynd B). Annar þátttakandinn áttbeygði sögnina þó ekki í samtali eftir rannsóknina. Þetta þótti áhugavert en hann segir, ásamt hinum þátttakandanum, að málið þeirra sé fljótandi, stundum nota þau áttbeygingu og stundum ekki. Þeirra innra mál samþykkir bæði.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að eldri kynslóðin nýtir ekki möguleika til áttbeygingar. Ein úr þeirra hópi þekkir áttbeyginguna og ein áttbeygði sögnina í samtali eftir rannsóknina. Mið og yngsta kynslóðin áttbeygði sögnina, sem sé 4 af 9 eða 44% áttbeygði ÚTSKÝRA. Hér má einnig sjá að mögulega gerðist eitthvað á milli 1951 og 1964. Einhverstaðar þarna á milli áttbeygðist sögnin, hugsanlega var eitthvað byrjað að gerast í kringum 1941 þar sem við sjáum að einhver vitneskja sé um áttbeygingu á þessari sögn. Mið kynslóðin er raun eina kynslóðin sem er staðráðin í áttbeygingunni. Elsta kynslóðin áttbeygir ekki en einhver vitneskja um þann möguleika hjá þeim yngstu í þeirri kynslóð. Þegar kemur að yngstu kynslóðinni er áttbeyging möguleg, þau áttbeygja sögnina en sega að þess sé ekki þörf. Hugsanlega áttbeygja þau þegar það hentar setningunni og sleppa því þegar það hentar ekki

4.2 HRINGJA



Mynd A



Mynd B

Táknið HRINGJA í grunnmynd er myndað á þennan veg: *amerískt Y-hf, við eyra* (mynd A). Með áttbeygingu bætist hreyfing við táknið. Með áttbeygingu í hólf C yrði það myndað svona: *amerískt Y-hf, táknrými, að eyra*. Væri áttbeygingin út í hólf í táknrýminu (M,H,V) yrði það myndað svona: *amerískt Y-hf, við eyra, út í táknrými* (mynd B).

Ekki gekk nógu vel að fá þátttakendurnar til að mynda táknið HRINGJA, flestir mynduðu táknið en margir meðlimir elstu kynslóðarinnar skildu ekki af hverju að þau myndi nota þessa sögn hvað þá af hverju að áttbeygja hana. En sögnin var mynduð með hjálp öðrum heyrnarlaus einstaklings, sem hjálpaði til við útskýringu verkefnisins. Hér eru niðurstöður þess.

Elsta kynslóðinn áttbeygði ekki sögnina, þess í stað sýndu þau frumlag og andlag með bendingum eða með fornöfnum, að einum þátttakanda undanskildum (fæddur 1954). Þessi einstaklingur beygði sögnina frá hægri að sér þegar hann var andlagið. Auk þess var einn þátttakandi sem gerði gamalt táknið yfir að hringja en betur verður farið í það í viðauka 4.2

Þátttakendur af miðkynslóð áttbeygðu allir sögnina. Annar þátttakandinn notaði myndina til að hjálpa sér og beygði því til og frá hægri, á meðan hinn beygði að miðju. Sem sé þegar táknarinn var andlagið færðist hendi þátttakanda ýmist frá miðju eða hægri og þegar táknarinn var frumlagið beygðist sögnin frá táknaða að miðju eða hægri.

Þátttakendur af yngstu kynslóðinni áttbeygja bæði sögnina þegar táknarinn var frumlagið. Annar þátttakandinn beygði sögnina að miðju en hinn til hægri. Þegar táknarinn var andlagið áttbeygði aðeins annar þátttakandinn sögnina (fæddur 1981) og gerði hann það frá miðju. Þegar hinn þátttakandinn var spurður hvort möguleiki væri á áttbeygingu sagði hann já, en sýndi ekki hvernig það væri gert.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að elsta kynslóðin nýtir sér ekki möguleika á áttbeygingu að einum einstaklingi undanskildum, sem er sá yngsti í þeim hóp. Hjá mið og yngstu kynslóðinni voru allir sammála um það að hægt væri að áttbeygja sögnina. Hjá þessum tveimur hópum sáum við líka að þessi sögn getur beygst frá hægri. Sem sé þegar táknarinn var frumlag voru 4 af 9 eða 44% sem áttbeygðu sögnina HRINGJA en þegar táknarinn var andlagið voru eingöngu 3 af 9 sem áttbeygði hana eða 33%. Aftur sjáum við að mið kynslóðin er sú eina sem heldur í áttbeyginguna og áttbeygir sögnina bæði þegar táknarinn er frumlag og andlag. Einungis yngsti aðili elstu kynslóðarinnar áttbeygði sögnina þegar hann var andlagið. Það gæti þýtt að hjá þessari kynslóð hafi áttbeyging sagnarinnar farið að myndast, eða að þessi áttbeyging hafi verið tilfallandi vöndun þar sem fylgst var með honum. Hjá yngstu kynslóðinni sjáum við aftur að áttbeyging er möguleg hjá þeim en ekki endilega þörf.

4.3 SVARA




Táknið SVARA í grunnmynd er myndað svona: *B-hf, á höku, hreyfist fram með snúning á unglið*. Með áttbeygingu yrði það myndað á þessa vegu: *B-hf, á höku, hreyfing í hólfi H,V*. Ef táknaþinn er andagið: *B-hf, í táknaþrymi, að táknaþara*.

Elsta kynslóðin notaði táknið eingöngu í grunnmynd. Í stað þess að áttbeygja táknið notuðu þátttakendur bendingar eða með fornöfnum. Einn þátttakandinn myndaði táknið öðruvísi en hinir, en betur verður farið í það í viðauka 4.3

Hjá þátttakendum mið kynslóðinnar áttbeygðu báðir aðilar sögnina. Annar þátttakandinn notaði myndina til að hjálpa við áttbeyginguna, áttbeygði því til og frá hægri, hinn þátttakandinn áttbeygði til og frá miðju.

Yngsta kynslóðin áttbeygði sögnina til og frá miðju. 4 af 9 eða 44% áttbeygja sögnina. Þeir sem áttbeygðu sögnina tilheyrta yngstu tveimur kynslóðunum. Skýr munur er á elstu kynslóðinni og hinum tveim. Út úr þessu er hægt að lesa að þessi sögn hafi farið í flokk áttbeygðra sagna einhverstaðar á milli 1951 og 1964 þar sem mið kynslóðin eru fædd 1964 og yngsti meðlimur elstu kynslóðarinnar er fæddur 1951.

4.4 LÁNA



Táknið LÁNA í grunnmynd er myndað svona: *R-hf, táknaþrymi, litlir hringir á unglið*. Sé táknið áttbeygt er myndunin svona, með táknaþara sem frumlag: *R-hf, við brjóstkassa, litlir hringir á unglið, út í táknaþrymið*. Með táknaþara sem andlag: *R-hf, táknaþrymi, litlir hringir á unglið, að táknaþara*.

Niðurstöðurnar á þessu tákni hjá elstu kynslóðinni voru áhugaverðar. Hér voru einhverjir sem áttbeygðu sögnina. Flestir áttbeygðu sögnina ekki, tveir gerðu það þó, einn sem var fæddur 1936 og annar fæddur 1954. Sá sem var fæddur 1936 áttbeygði sögnina frá sér að miðju og frá

miðju að sér, hann hafði þó ekki staðsett rökliðinn. Sá sem er fæddur 1954 gerði þetta aðeins öðruvísi. Á meðan á rannsókninni stóð var táknið hlutlaust sem sé án áttbeygingar. Í samtali eftir á, meðan við vorum að tala um táknið þá áttbeygði hann það frá sér að miðju. Þegar hann var andlagið gerði hann ÞÚ áttbeygði sögnina frá hægri að sér og gerði ÉG. Auk þess voru tveir sem gerðu táknið með öðruvísi handformi en betur verður farið í það í viðauka 4.4

Í mið kynslóðinni áttbeygðu báðir sögnina. Einn þátttakandinn áttbeygði sögnina í hólfi M, hinn þátttakandinn áttbeygði sögnina í hólfi H, líklega vegna þess að hann notaði myndina til að hjálpa sér með áttbeyginguna. Auk þess sem annar þátttakandinn notar öðruvísi handform en betur verður farið í það í viðauka 4.5

Niðurstöður yngsta kynslóðin var öðruvísi. Sá sem er fæddur 1979 áttbeygði ekki sögnina, hann myndaði hana bara í táknrýminu og var sögnin hlutlaus, en segir síðan að bæði sé hægt. Hinn einstaklingurinn sagði að mögulegt væri að áttbeygja sögnina og sýndi allar mögulegar áttbeygingar, hægri, vinstri, miðju, að og frá tákna. Hins vegar í rannsókninni er táknið hjá henni hlutlaust þegar hún myndar það með sig sem frumlag en þegar tákna er orðin að andlagi áttbeygist sögnin frá miðju að tákna.

Niðurstöður táknsins LÁNA eru áhugaverðar fyrir þær sakir að í dag er táknið flokkað sem venjuleg sögn, en þrátt fyrir það voru 5 af 9 eða 56% sem áttbeygðu sögnina. Það áhugaverðasta við þær niðurstöður er að tveir einstaklingar í elstu kynslóðinni áttbeygja sögn sem lengi hefur talist sem venjuleg sögn. Einnig er það áhugavert að í yngstu kynslóðinni var einungis annar einstaklingurinn sem að áttbeygði sögnina þó hinn þekkti og hafði séð það áður og samþykkti að áttbeyging sagnarinnar væri möguleg. Athyglisvert að elsti einstaklingurinn sem talað var við sé einn af þeim sem áttbeygir sögnina og að næst yngsti áttbeygir ekki sögnina sjálfur en samþykkir notkun þess. Hugsanlega er áttbeygingin hjá þeim eldri sé einfaldlega hreyfingaferlið sem gerir sögnina samfelda við fornaferlið.

4.5 SPYRJA



Táknið SPYRJA í grunnmynd er myndað svona: *H-hf, tvíhandatákn, óvirka hönd, slá lófa.*

Hjá elstu kynslóðinni áttbeygði einungis einn þátttakandinn sögnina (fæddur 1951). Þessi þátttakandi er sá sami og þekkti áttbeygingu sagnarinnar ÚTSKÝRA, en notaði ekki sjálfur. Þessi einstaklingur áttbeygði sögnina þannig að þegar hann var frumlagið var táknið myndað í táknrýminu nær miðju, þegar hann var andlagið var táknið myndað nær honum. Auk þess sem einn gerði öðruvísi handform en betur verður farið í það í viðauka 4.5

Hjá mið kynslóðinni áttbeygðu báðir einstaklingar sögnina. Annar beygði til og frá miðju. Hinn áttbeygði sögnina, til og frá hægri. Einn þátttakandinn áttbeygði sögnina með því að mynda táknið í táknrýminu þegar hann var frumlagið og þegar hann var andlagið myndaði hann táknið hjá bringu. Hinn þátttakandinn breytti tákningu í stakhanda tákni þegar tákningarinn var andlagið, notaði bara virku höndina með H-hf, vísuðu þá fingurgómar að tákna.

Yngsta kynslóðin var frábrugðin því sem við mátti búast út frá fyrri táknum en einungis einn áttbeygði þessa sögn. Sá þátttakandi sem áttbeygði sögnina sagði að hægt væri að áttbeygja sögnina þannig að táknið breytist úr tvíhanda yfir í ein handa tákni þegar tákningarinn er andlagið og gerir þátttakandinn bæði. Á meðan á rannsókninni stóð áttbeygði þátttakandinn sögnina svona; með tákna sem frumlag beygðist sögnin frá tákna í átt að miðju og með tákna sem andlag beygðist táknið frá miðju að tákna.



Táknari frumlag **Táknari andlag**

Þessi einstaklingur var fæddur 1981. Seinni þátttakandinn áttbeygði ekki sögnina en þegar hann var spurður eftir á sagði hann já það er hægt, en hér gerði hann það ekki, þessi einstaklingur var fæddur 1979

Hér voru 4 af 9 þátttakendum sem áttbeygðu sögnina eða 44% af þátttakendum og voru einhverjir í öllum flokkum sem áttbeygðu sögnina. Það áhugaverða við þessa sögn er það að einn einstaklingur í elstu kynslóðinni áttbeygi sögnina og að einn í yngstu kynslóðinni áttbeygi hana ekki en samþykkir þó valmöguleikann á áttbeygingu. Merkinglegt að einhver úr öllum hópum áttbeygi sögn sem lengi hefur talist venjuleg sögn. Einnig virðist vera val á því hvernig sögnin er áttbeygð með tákna sem andlag. Svo virðist sem hægt er að nota báðar hendur og mynda táknið nær líkama. Hinn kosturinn er að breyta táknið í ein handa tákni og nota bara handform virku handar.

5. Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar eru áhugaverðar. Fleiri áttbeygðu sagnirnar en búist var við. Búist var við að engin af elstu kynslóðinni áttbeygði sagnirnar, en nokkrir gerðu það og þá aðalega þau yngstu í þeim hóp. Strax í næstu kynslóð (mið kynslóðinni) sést breyting á kynslóðum, allir í þessum hóp áttbeygðu sagnirnar eða samþykktu möguleikann á áttbeygingu. Yngsta kynslóðin er á sama stað með áttbeygingar og mið kynslóðin, þau (yngsta kynslóðinn) segja þó að þau hoppa á milli áttbeyginga, áttbeyging er ekki alltaf nauðsynleg.

Ef lítið er á niðurstöður þessarar rannsóknar sést að áttbeyging er í máli þeirra sem fæðst hafa á milli 1954-1964. Í rannsókninni byrjar áttbeyging að koma fram hjá þessum aldri og er mikil hjá yngstu kynslóðinni. Af þessum niðurstöðum mætti áætla að einhver kynslóðamunur væri á áttbeygðum sögnum, en ekki er hægt að segja fyrir víst að þessi rannsókn sýni kynslóðarmun, þar sem einungis var talað við níu manns. Gæti því verið að niðurstöður þessa rannsóknar sýni eingöngu einstaklings mun. Engu að síður er áhugavert að sjá það sem kom úr rannsókninni og væri gaman að gera enn stærri rannsókn á kynslóðamun áttbeygðra sagna.

Heimildaskrá

- Bayley, R., Schembri, A. og Lucas, C. (2015). Variation and change in sign languages. Í A. Schembri og C. Lucas (ritstjórar), *Sociolinguistics and Deaf Communities* (bls. 61-94). Cambridge: Cambridge University Press.
- Elísa G. Brynjólfssdóttir, Jóhannes Gísli Jónasson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. (2012). Málfræði íslenska táknmálsins. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, (34), 9-52.
- Guðrún Kvaran. (2005). *Íslensk tunga II, Orð: Handbók um Beygingar- og orðmyndunarfræði*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Johnston, T. og Schembri, A. (2007). *Australian Sign Language. An introduction to sign language linguistics*. New York: Cambridge University Press.
- Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir. (2011). *Um kynslóðamun í íslensku táknmáli: Rannsókn á kynslóðabundnum málfræðingum í íslensku táknmáli* (B.A ritgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/8487/3/B.A.%20-%20Ranns%C3%B3kn%20%C3%A1%20kynsl%C3%B3%C3%B0amismun%20%C3%AD%20%C3%8DTM.pdf>
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2011). *Sagnir í íslenska táknmálinu. Formleg einkenni og málfræðilegar formdeildir* (M.A. ritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/9997>.
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Sverrisdóttir. (2017). Agreement verbs in Icelandic Sign Language (ÍTM). Í P. Rutkowisk og W. Polonistyki (ritstjórar), *Different Faces of Sign Language Research* (bls. 155). Varsjá: Wydział Polonistyki Uniwersytetu Warszawskiego.
- Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson. (e.d.). Íslenskar mállýskur. Sótt af <https://mallyskur.is/>
- LeMaster, B. (2003). School Language and Shifts in Irish Deaf Identity. Í L. Monaghan, C. Schmaling, K. Nakamura, G. H. Turner (ritstjórar), *Many Ways to Be Deaf: International Variation in Deaf Communities* (bls. 153-172). Washington, DC: Gallaudet University Press.
- Lucas, C. (2015) *Sociolinguistics and deaf communities*. Cambridge. Cambridge University Press
- Lucas, C., Bayley, R., Valli, C., Rose, M., og Wulf, A. (2001). Sociolinguistic Variation. Í C. Lucas (ritstjóri), *The Sociolinguistics of Sign Languages* (bls. 61-111). Cambridge: Cambridge University Press.
- Lucas, C., Mulrooney, K. J., Valli, C. og Villanuve, M. (2011). *Linguistics of American Sign Language: An introduction*. Washington, DC: Gallaudet University Press.
- Morgan, G. og Woll, B. (2007). Understanding sign language classifiers through a polycomponential approach. *Lingua*, 117(7), 1159-1168. doi:10.1016/j.lingua.2006.01.006.
- Sandler, W. og Lillo-Martin, D. (2006). *Sign language and linguistics Universals*. New York: Cambridge University Press.
- Sutton-Spence, R. og Woll, B. (1999). *The Linguistics of British Sign Language: An Introduction*. Cambridge: Cambridge University Press.

Zwitserslodd, I. (2012). Classifiers. Í R. Pfau, M. Steinbach, og B. Woll (ritstjórar), *Sign Language. An International Handbook* (bls. 158-186). Berlin/Boston: De Gruyter Mouton. .

Þórunn Blöndal. (2005). *Lifandi mál: inngangur að orðræðu og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Viðauki 1

Hér að neðan eru útskýringar á þeim handformum sem nefnd voru í dæmunum hér að ofan. Handformin voru fengin af SignWiki.



A handform



V handform



B handform



Y handform



C handform (ASL)



R handform



F handform



Y handform ASL



H handform



Vísi handform



I handform



4 handform



O handform

Viðauki 2 Sagnir

Þessi tafla er tekin úr ritgerð hennar Kristínar Lenu

Áttbeygðar sagnir	Handform (virk)	Handform (óvirk)	Myndunarstaður
GAGNRÝNA	Vísib		Frjálst rými
GEFA	B		Frjálst rými
GIFTAST	Bb	Bb	Óvirkahöndin
HEILSAST	Bb	Bb	Óvirkahöndin
HEIMSÆKJA	B	B	Óvirkahönd
HITTAST	Vísi	Vísi	Óvirkahönd
HJÁLPA	B	B	Óvirkahönd
HORFA(2)	V		Frjálst rými
HRINGJA	I+1		Eyra/Eyru
HUNSA	V		Enni/gagnauga/u
KENNA	B1	B1	Frjálst rými
KVARTA	Vísib		Frjálst rými
KYSSAST	B1	B1	Óvirkahönd
KÝLA	A		Frjálst rými
KÆRA	Vísib		Frjálst rými
LÁTA-VITA	B1		Enni/gagnauga/u
MATA	A		Munnur
POTA	Vísi		Frjálst rými
RANNSAKA	Vb	Vb	Frjálst rými
REYNA-VIÐ	Æ		Frjálst rými
RÍFAST	Vísi	Vísi	óvirkahöndin
RÆÐA-SAMAN	Vísib	Vísib	Frjálst rými

SEGJA(2)	5		Frjálst rými
SENDA	A>2		Frjálst rými
SKJÓTA-MEÐ-BISSU	2		Frjálst rými
SLÁST	Vb	Vb	Óvirkahönd
SLÍTA-SAMBÚÐ	1	1	Óvirkahönd
STRÝÐA	Vísi	Vísi	Frjálst rými
SVARA	B		Haka
SÆKJA	5>A		Frjálst rými
TAKA	5>A		Frjálst rými
TAKA-UPP-MEÐ-VIDIO	3/2		Frjálst rými
ÚTSKÝRA	5	5	Frjálst rými

Staðsetningar sagnir	Handform (virk)	Handform (óvirk)	Myndunarstaður
KLÓRA	Æ		Óvirkahönd
MEIÐA	Æ		Munnur
RAKA	Vísib		Kinn/Kinnar
SPRAUTA	3>K		Olnbogabót
ÞVO	A		Óvirkahönd

Viðauki 3 Myndir



ÚTSKÝRA



SPYRJA



HRINGJA



LÁNA



SVARA

Viðauki 4

Myndun tákna hjá þátttakendum.

4.1 ÚTSKÝRA

5-hf. Tvíhandatákn, frjálst rými, lófar snúa að hvor öðrum, hreyfing upp og niður hjá unglið.

Hér að ofan er hvernig þátttakandinn myndaði táknið en hér að neðan er hvernig táknið á að vera myndað samkvæmt SignWiki.

5-hf. Tvíhandatákn, frjálst rými, lófar snúa að hvor öðrum, lófar slá saman og fara út.

4.2 HRINGJA.

A-hf. Einhandatákn, við eyra, lófi snýr fram, hendir hreyfist í hring fram á við.

Hér að ofan er hvernig þátttakandinn myndaði táknið en hér að neðan er hvernig táknið á að vera myndað samkvæmt SignWiki.

Amerískt Y-hf, einhanda tákn, við eyra, lófi snýr að tákna, hreyfist frá eyra.

4.3 SVARA

B-hf, einhandatákn, við munn, lófi snýr að tákna, smá hringlaga hreyfing á unglið.

Hér að ofan er hvernig þátttakandinn myndaði táknið en hér að neðan er hvernig táknið á að vera myndað samkvæmt SignWiki.

B-handform, einhandatákn, á höku, lófi snýr að tákna, færast frá tákna með smá snúning fram á við.

4.4 LÁNA

Vísi-hf, einhandatákn, í táknrými, lófi snýr að tákna, hringru á unglið

B-handform, einhandatákn, í táknrými, lófi snýr að tákna, hringur á unglið.

Hér að ofan er hvernig þátttakendurnir mynduðu táknið en hér að neðan er hvernig táknið á að vera myndað samkvæmt SignWiki.

R-hf, einhandatákn, í táknrými, lófi snýr að tákna, hringur á unglið.

4.5 SPYRJA

B-hf, tvíhandatákn, á óvirku hendi, lófar snúa upp, handabak virku handar slær á óvirku hendina.

Hér að ofan er hvernig þátttakandinn myndaði táknið en hér að neðan er hvernig táknið á að vera myndað samkvæmt SignWiki.

B-hf, H-hf. Tvíhandatákn, á óvirku hendi, lófi snýr niður, fingur virku handar slá á lófa óvirku handar.

